

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennar upplýsingar um sveitarfélagið.....	3
Holræsi og fráveitukerfi.....	5
Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum	8
Náttúrumengun	11
Gæði neysluvatns	14
Hávaða- og loftmengun	16
Meningarminjar og náttúruvernd	18
Félagsmál	21
Meindýr.....	24
Skipulagsmál.....	25
Ræktun og útivist	27
Hafið.....	29
Umhverfisfræðsla.....	30
Opinber innkaup.....	31
Heimildaskrá	32

Inngangur

Í mars 1998 gerðu Samband íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytið með sér samstarfssamning um gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum, staðardagskrá 21. Dalvíkurbyggð óskaði eftir þátttöku í verkefninu og fékk, eins og öll önnur sveitarfélög sem sóttu um.

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun sveitarfélagsins fram á 21. öldina í samræmi við 28. kafla yfirlýsingar, sem gerð var á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiro 1992. Áætlunin hlaut nafnið Dagskrá 21 eða Agenda 21, og er forskrift að sjálfbærri þróun í ríkjum heims, þ.e.a.s. hún tekur á því hvernig samfélagið ætlar að stuðla að því að viðhalda umhverfisgæðum heimsins og tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á jörðinni.

En Dagskrá 21 snýst ekki einungis um umhverfismál, heldur er henni einnig ætlað að taka á flestum þáttum samfélagsins, bæði efnahagslegum og félagslegum. Eitt aðalatriðið í hugmyndafræðinni sem að baki liggur, er að skoða áhrif mannsins í víðu samhengi og slíta ekki umhverfismál úr samhengi við önnur mál.

Staðardagskrá 21 eða Local Agenda 21 er áætlun einstakra samfélaga heims í samræmi við 28. kafla samþykktarinnar sem fjallar um hlutverk staðbundinna stjórnvalda, þ.e. sveitarfélaga. Staðardagskrá 21 er ekki einkamál einstakra sveitarfélaga heldur er hún áætlun alls samfélagsins í heild. Þess vegna er miklægt að sem flestir hópar samfélagsins komi að gerð hennar og framkvæmd. Staðardagskrá 21 er ætlað að vera ferli sem stöðugt þarf endurskoðunar við og því lýkur vinnu hennar aldrei.

Við vinnu þessarar skýrslu verður fyrst og fremst farið eftir leiðbeiningum bókarinnar *Umhverfisáætlanir sveitarfélaga* (mars 1999) en þó ekki notast við þau eyðublöð sem í henni eru. Samkvæmt fyrrnefndri bók er fyrsti áfangi ferlisins úttekt á núverandi stöðu sveitarfélagsins í umhverfismálum. Skýrsla þessi getur aldrei orðið tæmandi en reynt er að varpa hlutlausu og skýru ljósi á sem flesta hluti. Gildi úttektarinnar er fyrst og fremst það að marka upphaf á gerð staðardagskrár 21 fyrir sveitarfélagið og að vera grundvöllur fyrir áframhaldandi vinnu og markmiðssetningar í einstökum málaflokkum.

Úttektin er unnin af Kristínu Börk Gunnarsdóttir, garðyrkjustjóra Dalvíkurbyggðar og starfsmanni stýrihóps Staðardagskrár 21 fyrir Dalvíkurbyggð.

Almennar upplýsingar um sveitarfélagið

Dalvíkurbyggð heitir nú það sveitarfélag sem áður tiltók Dalvíkurkaupstað, Svarfaðardalshrepp og Árskógshrepp en þeir voru sameinaðir þann 1. júní 1998. Íbúafjöldi hins nýja sveitarfélags er um 2100 manns.

Dalvík er þéttbýliskjarni við sjávarsíðuna þar sem er að finna flesta þá þjónustu sem íbúar þurfa á að halda. Um 10 km innar í fyrðinum standa þorpin Árskógssandur og Hauganes við sjóinn. Á Árskógssandi er verslun og bensínafgreiðsla en ekki á Hauganesi eða í Svarfaðardal. Atvinnulíf er nokkuð fjölbreytt í byggðarlaginu en um er að ræða blöndu af sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og almennri þjónustu.

Skipurit Dalvíkurbyggðar skiptist upp í fjögur megin svið og eru helstu verkefni þess eftirfarandi:

Fjármála- og stjórnsýslusvið: Launamál, innheimtu- og bókhaldsmál, starfsmannamál og atvinnuþróun.

Félagsþjónustusvið: Fjölskyldu- og barnaverndarmál, húsnæðismál, heimilishjálp og málefni aldraðra, jafnréttismál og málefni fatlaðra. Áfengis – og vímuvarnir.

Fræðslu- og menningarsvið: Leikskólamál, grunnskólamál, menningarmál, íþróttá- og æskulýðsmál.

Skipulags-, byggingar- og umhverfissvið: Bygginga- og skipulagsmál, umhverfismál, vatnsveitu- og fráveitumál, framkvæmdir og áhaldahús.

Þá á bærinn aðild að hafnasamlagi og sorpsamlagi. 129 manns eru fastráðnir hjá Dalvíkurbyggð, auk þess sem nokkrir eru lausráðnir starfsmenn við sumarvinnu og ýmislegt tilfallandi.

Í sveitarfélaginu er níu manna bæjarstjórn og bæjarstjóri sem er framkvæmdastjóri hennar.

Helstu nefndir sveitarfélagsins eru: Fræðsluráð, æskulýðs-, íþróttá- og menningarráð, félagsmálaráð, umhverfisráð og landbúnaðarráð.

Stofnanir Dalvíkurbyggðar eru: Áhaldahús, Árskógsskóli, Dalvíkurskóli, Húsabakkaskóli, tónlistarskóli, bókasafn, héraðsskjalasafn, Hitaveita og Vatnsveita Dalvíkur, Krílakot, Leikbær, Sundlaug Dalvíkur, Sundskáli Svarfdæla, slökkvistöð, íþróttahús Dalvík

og íþróttahúsið Rimar. Félagsmiðstöð í Víkurröst og félagsheimilin í
Árskógi og í Ungó.

Holræsi og fráveitukerfi

Gildandi lög

Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990. Mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum. Tilskipun ESB um hreinsun skólps frá þéttbýli frá 21. maí 1991. Lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum nr. 53, 8. mars 1995. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 110/1994. Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 179/1994. Byggingareglugerð nr. 371/1994. Mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990.

Formáli

Árið 1995 var unnin skýrsla af verkfræðistofunni Vatnaskil um sjávarstrauma við Dalvík og dreifingu mengunar frá fyrirhuguðum útrásum Dalvíkurbæjar. Línuhönnun hf. verkfræðistofa vann skýrslu eða forathugun á fráveitumálum á Dalvík. Ítarlegar rannsóknir fóru fram á rennsli, tegund og magni skólps, svo og almennu ástandi núverandi kerfis. Ekki hafa verið unnar sambærilegar rannsóknir á fráveitukerfi Árskógssands né Hauganess. Í aðalskipulagi Dalvíkur 1992 – 2012 er farið yfir fráveitukerfi Dalvíkur og þar eru einnig gerðar tillögur að úrbótum. Í dreifbýli Dalvíkurbyggðar er víða pottur brotinn.

Núverandi ástand

Áætlað er að skólprennslu frá heimilum sé 235 lítrar á sólarhring/íbúa, samkvæmt skýrslu Línuhönnunar, sem þýðir að meðaltali um 10 lítra á klukkustund frá hverjum íbúa. Þá er gert ráð fyrir að heitt neysluvatn sé um 60 l/íbúa per dag og kalt vatn um 175 l/íbúa per dag. Skólp sem fellur til við almenna starfsemi s.s. verslun og þjónustu er áætlað vera um 50 l/starfsmann per dag.

Í þéttbýli Dalvíkurbyggðar er skólpi veitt óhreinsuðu í sjó. Flest mannvirki tengjast fráveitukerfi og er skólpi veitt með sjálfrennsli til sjávar. Með fáum undantekningum eru mannvirki tengd rotþróm, sem reglulega eru losaðar. Viðtaki skólpsins er öflugur og sýna athuganir að skólp þynnist fljótt út í sjónum. Allt fráveitukerfi þéttbýlis Dalvíkurbyggðar er blandkerfi, þ.e.a.s. ein og sama pípan flytur húsaskólp, afrennsli hitaveitukerfa, iðnaðar- og ofanvatn til sjávar. Vegna þessa er útþynning skólps í kerfinu þegar nokkur þegar til viðtaka kemur.

Allar gatnalagnir eru steinlagnir en á síðustu árum hefur svolítið verið lagt af plastlögnum. Almennt telst fráveitukerfið vera í þokkalegu ástandi.

Dalvík

Á Dalvík eru 3 útrásir, þar af 2 meginútrásir. Ekkert skólþ fer út í höfnina. Stærsta útrásin er í krikanum austan syðri hafnargarðsins, en í hana fer allt frárennsli úr mið- og suðurhluta bæjarins, vestan Skíðabrautar. Önnur stór rás liggur norðan á nýrri hafnarfyllingu en hún tekur við öllum norðurhlutanum. Loks er skólþ frá flestum húsum á sandinum tekið saman í eina útrás, norðan Vélvirkja ehf. Þá fer skólþ frá Grundargötu 7, Kambi hf., Sandskeiði 14 og 24, Steininum og Netagerðinni beint í sjó fram þ.e.a.s. er ekki leitt í neitt kerfi. Leysingarvatni úr hlíðinni ofan bæjarins er veitt eftir skurðum út í Svarfaðardalsá norðan Árgerðis. Í skipulagi skal flokka strandsvæði eftir því hvort þar megi leiða skólþ til sjávar eða ekki og er hér miðað að strandlengjan utan hafnarinnar verði öll í flokki II. *Aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012.*

Árskógssandur

Á Árskógssandi eru tvær útrásir. Önnur liggur beint niður að Aðalbraut en hin er staðsett norðan við hafnargarðinn. Þá liggur rotþró í bakkanum neðan við Ægisgötu 13-15. Frárennsli frá fiskhúsunum neðan sjávangötu fer allt beint í sjó fram.

Hauganes

Á Hauganesi eru þrjár útrásir. Ein fer út í miðja höfnina, til móts við fiskhúsin, önnur er staðsett norðan hafnargarðs, niður af skemmunum og sú þriðja norðan þvottaplans. Syðstu þrjú húsin í Aðalgötu eru ekki tengd fráveitukerfi.

Dreifbýli

Í Dalvíkurbyggð eru 87 sveitabæir, 68 sem áður tilheyrðu Svarfaðardalshrepp og Dalvík en 19 Árskógshrepp.

Í Svarfaðardal og þar út með eru eftirtalin hús komnir með löglegar rotþrær en það eru Efsta-kot, Mór, Svæði, Hamar - hús Hitaveitunnar, Árgerði, Böggvisstaðir, gamli bærinn á Hrafnstöðum, Laugahlíð,

Laugaból, Laugabrekka, Rimar, nýja húsið á Bakka, nýja húsið á Grund, Hamar- hús golfklúbbsins, fjósið á Hreiðarsstöðum, Hóll, Búrfell, Kot, fjósið á Melum, Möðruvellir, Syðra-Hvarf, Tjörn, fjósið á Sökku og Hofsá. Sumarhús vantar í þessa upptalningu.

Í fyrrum Árskógshreppi eru eftirtalin hús komin með löglegar rotþrær: Ás, Brattavellir, nýja og gamla húsið í Brimnesi, Engihlíð, 3 hús að Götu, Hella, bæði húsin að Krossum, Litli-Árskógur, minkahúsið í Rauðuvík, Selá, Sólvangur, Syðri – Hagi, Hlíðarland, nýja húsið að Stóru Hámundarstöðum, Stærri Árskógur, Ytra- og Syðra Kálfsskinn en ekki fjósin, öll húsin að Ytri-Vík og svo svæðið í kringum Melbrún, Kötlu og Bíla- og vélaverkstæðið. Einnig svæðið við félagsheimilið að Árskógi, leikskólann og skólann. Frárennsli frá sundlauginni er þó undanskilið en það rennur beint út í skurð.

Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

Stjórnvöld vinna að þeirri framtíðarsýn að Ísland verði eitt hreinasta vestræna landið um þessi aldamót og hafa sett eftirfarandi markmið er varða úrgangsmýndun og sorphirðumál:

Dregið verði úr sorpmyndun um 50% fyrir aldamót með aukinni endurnotkun, - nýtingu, tækniframförum, svo og minni notkun umbúða.

Stefnt verður að því að förgun úrgangs verði um land allt í samræmi við gildandi kröfur um umhverfisvernd

Skipulögð verði söfnun spilliefna um land allt.

Gildandi lög, reglugerðir og samþykktir

Mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með breytingum nr. 378/1994.

Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990. Lög um spilliefnagjald nr. 56/1996

með síðari breytingu. Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af

völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur nr. 52/1989 með síðari

breytingu. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs nr. 609/1996.

Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum

nr. 571/1997. Samþykkt um sorphirðu í Dalvíkurbæ nr. 98, 20. febrúar

1993, byggir á lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Lýsing á núverandi skipulagi

Sorphirða er verkefni sveitarfélaga samkvæmt

sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Dalvíkurbyggð á aðild að sorpeyðingu

Eyjafjarðar og er allt almennt sorp urðað í Glerárdal, ofan Akureyrar.

Urðunarstaðurinn í Glerárdal öðlaðist starfsleyfi þann 21. mars 1995 en

það rennur út 2004. Þess má þó geta að verið er að reyna að finna nýjan

urðunarstað þar sem Akureyringar eru ekki á eitt sáttir með að urða rusl í

Glerárdalnum og hefur ákvörðunin verið tekin um að því skuli hætt.

Óflokkað heimilissorp er sótt að hverju heimili í Dalvíkurbyggð

einu sinni í viku en í Dalvíkurbyggð er notast við sorppoka. Hægt er að

losa sig við viðbótarsorp á tilteknum gámasvæðum og flokka það þar,

það á þó ekki við um Svarfaðardal. Gámasvæðið á Dalvík er ógirt og

ómannað en þar eru gámar fyrir garðaúrgang, timbur, málma og svo

almennt rusl. Pappírsgámur er bara einn og er hann staðsettur við

Kaupfélagið á Dalvík. Á Árskógssandi er gámur fyrir garðaúrgang,

staðsettur við verslunina Sólrúnu, en timur- og málmgámar eru við Fossbrún. Á Hauganesi er garðaúrgangsgámur við þvottaplanið. Spilliefnamóttaka er í Áhaldahúsinu á Dalvík sem er staðsett við hlið gámasvæðisins. Starfsfólk Áhaldahúss og vinnuskóla annast eftirlit með gámasvæðinu. Spilliefni eru send til Endurvinnslunnar hf. á Akureyri. Bensínstöðvar bjóða upp á móttöku á rafhlöðum. Björgunarsveitin á Dalvík er með dósa- og flöskumóttökustöð í húsakynnum sínum að Gunnarsbraut auk móttökuíláta við bensínstöðvarnar. Rauði krossinn á Dalvík tekur alla jafna á móti klæðnaði nema hvað hann er húsnæðislaus um þessar mundir en það horfir til betri vegar.

Á Dalvík er garðaúrgangur endurnýttur þ.e.a.s. að hann er notaður til uppfyllingar í gamlar malarnámur að Höfða. Á Árskógsströnd er honum safnað saman við Brimnesborgir þar sem hann er látinn rotna en bæði staðsetningin og fyrirkomulagið á sína vankanta. Timbur er ekkert endurnýtt í byggðarlaginu, nema ef vera skyldi í brennur þegar líða tekur að áramótum.

Fyrirtækin sjá sjálf um að losa sitt sorp. Þau eru ýmist með gáma við hús sín og borga Dalvíkurbyggð þá bara urðunargjald eða þá að þau losa ruslið á gámasvæðinu og borga þá bæði urðunar- og ruslagjald. Gámar eru á höfnunum á Dalvík og Árskógssandi fyrir þau skip sem landa þar og á Dalvík er einnig tankur fyrir úrgangsolíu. Annars sjá olíufélögin yfirleitt um að losa skipin við olíuna.

Sóttmengaður úrgangur

Í byggðarlaginu er ein heilsugæslustöð og eitt apótek. Dýralæknir er enginn en tannlæknir einn. Apótekið tekur við lyfjum frá Heilsugæslustöðinni, sem og almenningi, og kemur þeim til eyðingar hjá Pharmaco hf. í Garðabæ. Hvað heilsugæslustöðina varðar þá tekur gámabíll Gámaþjónustu Norðurlands sóttmengaðan úrgang og kemur honum til brennslu hjá Sorpeyðingu Eyjafjarðar. Tannlæknir er starfandi á Heilsugæslustöðinni en hann sér sjálfur um að koma sínum úrgangi til Sorpeyðingarinnar.

Fiskiúrgangur

Það má segja að nær allur fiskiúrgangur sé nýttur. Á Dalvík fer fram fiskhausapurkun til útflutnings og fer talsverður hluti úrgangsins í hana. Þá fer einnig stór hluti til fiskimjölsverksmiðjunnar í Krossanesi og eins til Skagafjarðar þar sem hann endar sem loðdýrafóður.

Landbúnaðarplast

Farnar eru skipulagðar ferðir um sveitirnar á sumrin og á veturna til að heimta svo kallað bændaplast.

Sundlaugar

Þrjár sundlaugar eru í Dalvíkurbyggð; ein við Árskógsskóla, ein á Dalvík og svo elsta yfirbyggða sundlaug landsins, Sundskálinn í Svarfaðardal.

Eins og fyrr segir fer allt frárennsli sundlaugarinnar og baðklefanna á Árskógssandi út í skurð og þaðan til sjávar. Sömu sögu er að segja um Sundskálann. Á Dalvík er lokað hringrásarkerfi en þó er alltaf sú hætta fyrir hendi að klór og hreinsiefni sleppi niður um niðurföll. Sundlaugin á Dalvík hefur síðustu misseri unnið markvisst að umhverfisúrbótum og er nú að móta sína eigin umhverfisstefnu.

Magntölur

Sorp magn sem skilaði sér frá íbúum Dalvíkurbyggðar við sorphirðu árið 1998 er eftirfarandi samkvæmt upplýsingum frá Gámapjónustu Norðurlands hf.

Almennt sorp	381.504 kg.
Garðaúrgangur	77.890 kg.
Timbur	99.680 kg.
Brotajárn	113.036 kg.
Pappír og plast	17.985 kg.
Trúnaðarskjöl	850 kg.

Sveitarfélagið ber árlegan kostnað af sameiginlegri sorphirðu. Árið 1999 var heildarkostnaður á íbúa í Dalvíkurbyggð um kr. 4100, samkvæmt fjárhagsáætlun 1999.

Náttúrumengun

Gildandi lög

Vísað er til laga um náttúruvernd, nr. 44/1999 og mengunarvarnarreglugerðar nr. 48/1994

Lýsing á núverandi ástandi

Rusl á víðavangi er mest áberandi á sumrin hérna því að á veturna er jú snjór yfir öllu. Hjá Dalvíkurskóla hefur myndast sú hefð á vorin að nemendur tíni rusl í bænum og er það mjög þarft og lofsvert framtak. Dalvíkurbyggð hefur komið til móts við krakkana með því að bjóða þeim til pylsuveislu á eftir. Vinnuskólinn sér um ruslahirðu á sumrin og fer hann þá alltaf tvisvar í viku yfirferð um bæinn auk þess sem reynt er að fylgjast með helgunum. Almennt er ástand vel viðunandi fyrir utan einstaka fyrirtæki og einstaka hús og bæi. Rusladallar eru á einum tíu ljósastaurum á Dalvík og eru þeir tæmdir vikulega á sumrin og þá iðulega orðnir hálffullir, þannig að þeim mætti vel fjölga og eins tæma oftár. Engir rusladallar á vegum bæjarins eru hvorki á Hauganesi né Árskógssandi.

Lóðahreinsun

Á hverju vori fer starfsfólk vinnuskólans um þéttbýliskjarnana og aðstoðar bæjarbúa við losun á garðaúrgangi.

Bílhrae á víðavangi

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur yfirumsjón með því að láta fjarlægja ógangfæra bíla, bílhrae og annað stærra rusl sem er innan sem utan einkalóða. Heilbrigðiseftirlitið sér um að líma athugasemdir á þessa hluti en síðan vill brenna við að ekki sé hirt um framhaldið og eigendurnir komist upp með að sinna ekki ávítununum.

Úthagar og ræktað land

Almennt er ástand á þessum svæðum nokkuð gott, nema í einstaka undantekningartilfellum. Víða má sjá gamlar girðingar sem lokið hafa hlutverki sínu en ládst hefur að fjarlægja en bæði er það sjónmengun og slyshætta. Fyrir nokkrum árum var farin herferð í að fjarlægja girðingar í landi Dalvíkur en víða má betur gera.

Snjóskafar

Eins og fyrr segir er þetta svæði afar snjóþungt og af því myndast víða himinháir skafar eða ruðningar. Kannski er þetta óhjákvæmilegt en þó er gaman að velta því upp hvort um er að ræða náttúrumengun eða ei. Vitaskuld er þetta sjónmengun og getur líka talist slyshætta þar sem skafarnir geta skyggt á bílaumferð. Þeir eru lengi að bráðna á vorin og þegar þeir loks gera það skilja þeir eftir sand, möl og rusl frá vetrinum.

Skíðasvæðið

Skíðafélag Dalvíkur stefnir árlega sínum félögum í Bökkvisstaðarfjall þar sem þeir tína rusl og reyna að leggja sitt af mörkum til að halda umhverfi svæðisins fallegu. Hafa verður í huga að þarna er afar viðkvæmt svæði, rýrt gróðurfar sem ekki er hægt að bjóða allt.

Strandsvæði

10. bekkur Dalvíkurskóla hreinsar Bökkvisstaðasand á hverju vori, í maílok, en Sparisjóður Svarfdæla styrkir hann til verksins og hefur svo verið undanfarin 12-14 ár. (*Friðrik Friðriksson*) Auk þessa reynir Vinnuskólinn að fylgjast með strandlengjunum á sumrin og sinnir þeim eftir atvikum. Það er þó alltaf reynt að hreinsa sandana a.m.k. einu sinni við þéttbýlissvæðin. Mismikið magn er hreinsað úr fjörum árlega, eins og gefur að skilja, en það fer eftir því hversu mikið hafið skilar að landi en það fer minnkandi.

Fyrirtæki og íbúðarhús

Eins og fyrr segir er almennt ástand nokkuð gott í byggðarlaginu hvað varðar umgengni og snyrtimennsku við íbúðarhús og telst það til undantekninga ef ekki eru t.d. fallegar og vel snyrtar lóðir hjá íbúum Dalvíkurbyggðar. Hvað fyrirtækin varðar, þá virðist umhverfisvitund þeirra ekki eins mikil en þó er vakning í þessum geira. Vandamálið er oft að sumum fyrirtækjum fylgir mikið magn véla, varahluta og ýmissa móta sem þau geta ekki verið án en nota sjaldan. Margir tala um að það vanti afgirt svæði þar sem fyrirtæki gætu geymt þesslags hluti og þannig bætt ásýndina.

Það er áberandi mikið rusl í kringum þá staði sem selja sælgæti og þess háttar og þar vantar tilfinnanlega fleiri ruslatunnur og betri vöktun og eftirfylgni starfsfólks.

Þjóðvegir og götur

Vinnuskólinn og Árskógsskóli, ásamt ungmennafélögunum, hafa hreinsað svæðin meðfram þjóðvegum til margra ára og hefur rusl þar minnkað gífurlega eftir að ruslahaugunum að Sauðanesi var lokað og sorpbílarnir urðu lokaðir. Starfsmenn áhaldahússins og vinnuskólinn sjá um viðhald gatna, bæði hvað varðar minniháttar merkingar og eins hreinsun. Þá er fenginn bíll einu sinni til tvisvar á ári til að þvo og sópa göturnar.

Gæði neysluvatns

Lýsing á núverandi ástandi

Dalvík og Svarfaðardalur

Á þessu svæði eru tvö kaldavatnsból. Annars vegar áreyrar í landi Bakka og Hofsráarkots í Svarfaðardal en þar hefur vatni verið dælt frá árinu 1987. Hins vegar hafa verið virkjaðar smálindir sunnan undir berghlaupinu Ufsa. Í Svarfaðardal er vatninu dælt upp úr fjórum brunnnum og þaðan svo um 9,5 km. langan veg til Dalvíkur en allmargir bæir eru líka tengdir þeirri lögn. Til Dalvíkur komið er vatnið leitt í 1000 rúmmetra miðlunartank sem og vatnið frá Ufsum en tankurinn er einmitt staðsettur rétt neðan Ufsa.

Þó að allmargir bæir í Svarfaðardal séu tengdir inn á aðalaðveituæðina, þá eru líka margir með sín eigin vatnsból en þar er gæðum vatns víða ábótavant.

Árskógsströnd

Lindarvatni er dælt upp úr fjórum brunnnum í landi Brattavalla og Litla Árskógs. Svæðið er ógirt og mannvirki þar þarfnast orðið lagfæringar enda er afar snjóþungt þarna. Margir bæir tengjast aðalaðveituæðinni en þó er líka mikið um heimavatnsból. Vatnið er leitt í miðlunartank á Brimnesborgum. Lengd dreifikerfis í þéttbýli Árskógsstrandar er um 6 km.

Skráð vatnsnotkun

Skráð er heildarnotkun alls svæðisins en svo eru líka mælar í öllum fyrirtækjum.

Heildarnotkun fyrirtækja á Dalvík árið 1998 var rétt um 500.000 rúmmetrar.

Á Árskógsströnd var sú notkun um 100.000 rúmmetrar.

Lýsing á núverandi skipulagi

Í ein tvö ár hefur Hitaveita Dalvíkur verið að reyna að koma á innra eftirliti sem felur m.a. í sér umgengnisreglur starfsmanna, þ.e.a.s. hvernig umgengni um vatnsverndarsvæðin skuli háttáð. Svæðunum er skipt í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Kvartanir skulu skráðar skipulega og úr þeim unnið. Viðbragðsáætlun liggur fyrir ef óhapp ber að höndum.

Sýni eru tekin reglulega bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum og eru niðurstöður þeirra að jafnaði góðar (*Vatnsveita Dalvíkur, HACCP, VSÓ ráðgjöf*). Í janúar árið 2000 var þetta innra eftirlit vottað af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra en vottunin á þó ekki við um Árskógsströnd.

Hávaða- og loftmengun

Gildandi lög og reglugerðir:

Skipulags- og byggingarlög nr. 46/1997 og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988. Lögreglusamþykkt fyrir Dalvík.

Formáli

Engar loftmengunarmælingar liggja fyrir í byggðarlaginu en hún er ekki talin mikil, það er þá eitthvað tilfallandi. Umferð bifreiða og atvinnutækja er þó sennilega aðal mengunarvaldurinn en sökum dreifðrar byggðar og náttúrufarslegra aðstæðna ber ekki mikið á þessari mengun. Mælingar á bílaumferð fara fram, annars vegar við afleggjarann til Akureyrar og hins vegar norðan Dalvíkur. Miðað við mælingar norðan Dalvíkur árið 1998 fara þar um 353 bílar á dag allan ársins hring. Einstaka fyrirtæki hefur valdið loft- og/eða lyktarmengun en nokkur gangskör hefur verið gerð í þeim málum.

Mikið er um að bifreiðar séu hafðar í gangi fyrir utan verslanir og aðra þjónustustaði þrátt fyrir þá viðleitni að skiltum hafi verið komið upp þar sem fólk er beðið um að drepa á bílum sínum. Á vorin og sumrin er fólk líka duglegt að láta í sér heyra þegar bændur bera lífrænan áburð á tún sín.

Rannsóknir á hávaðamengun í Dalvíkurbyggð hafa ekki verið framkvæmdar, því er ekki vitað hvort hávaðamengun fer yfir viðmiðunarmörk. Almenn hefur hávaðamengun ekki verið talin vandamál. Aðaluppspretta hávaða er þó í tengslum við skemmtanahald, snjósleða og umferð til og frá hafnarsvæðunum.

Fyrirtæki

Á tímabili var kvartað undan lyktarmengun frá hausapurkum BGB á Dalvík en þar hafa verið gerðar heilmiklar endurbætur þannig að lykt hefur stórminkað. Þó er framkvæmdum ekki lokið hjá BGB (*Gestur Matthíasson, BGB*).

Snjómokstur

Dalvíkurbyggð er í heild sinni mjög snjóþungt svæði, þó sérstaklega Dalvík og Svarfaðardalur. Af því leiðir gríðarlega mikill snjómokstur drjúgan hluta ársins og hafa borist allmargar kvartanir undan hávaða vegna snjómokstursvéla sem byrja iðulega mjög snemma á morgnana.

Kvartanir

Hvað varðar úttekt á hávaða- og/eða loftmengun er svolítið erfitt að fullyrða þar sem engin skráning fer fram hjá bæjaryfirvöldum á hvorki kvörtunum né tilmælum fólks. Það er þá einna helst að leita til lögreglu.

Meningarminjar og náttúruvernd

Gildandi lög

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum. Þjóðminjalög nr. 88/1989 með síðari breytingum.

Formáli

Einu friðlýstu minjarnar á opinberri fornminjaskrá í Dalvíkurlandi eru rústir Dalsbæjar hins forna í Hálslandi, skammt frá sjónum. Þar með er þó ekki sagt að rústir þessar séu einu fornminjarnar í bæjarlandinu því að skráin byggist á mjög tilviljunarkenndum athugunum og er komin til ára sinna, en fyrst árið 1999 var farið að skrá fornminjar í landi Dalvíkurbyggðar með skipulögðum hætti. Við fornleifarannsóknir á Dalvík í byrjun 20. aldar áttu sér stað einhverjir mestu kumlafundir sem orðið hafa á Íslandi. Þess má líka geta að fyrsta galdrabrennan á Íslandi var 1625 á Meleyrum í Svarfaðardal og markaði hún upphaf galdrabrennanna á 17. öld.

Núverandi ástand

Eins og fyrr segir, var byrjað að skrá fornleifar í landi Dalvíkurbyggðar árið 1999 en þá var gerður samningur við Fornleifastofnun Íslands um að safna gögnum um efnið og koma með tillögur um hagnýtingu minjastaða og vekja athygli á stöðum til frekari fornleifarannsókna. Verkefni þetta á að vinna á fimm árum og er liður í heildarskráningu fornleifa á Íslandi á vegum Fornleifastofnunar Íslands og er unnið samkvæmt stöðlum stofnunarinnar um aðalskráningu fornleifa.

Í nóvember 1999 fór Íþróttá- og menningarnefnd þess á leit við bæjarstjórn að gerð yrði úttekt á varðveislugildi gamalla húsa og götumynda í sveitarfélaginu.

Gömul hús

Vallarkirkja, Tjarnarkirkja og Urðakirkja eru einu friðuðu byggingarnar í Dalvíkurbyggð, en engin önnur hús eru nógu gömul til þess að falla undir ákvæði um sjálfkrafa friðun, samkvæmt þjóðminjalögum frá 1989. Elsta hús Dalvíkurbyggðar er Nýjibær á Dalvík, reist árið 1899 af hjónunum Rósu Þorsteinsdóttir og Jóni Stefánssyni. Sjóbúðir og þurrabúðir frá fyrstu árum byggðar á 19. öld eru öll horfin og sömuleiðis mörg hús, sem byggð voru í upphafi 20. aldar. Þó eru hér mörg yngri hús sem eru heimildir um sinn byggingartíma og geta verið merk fyrir sögu sína og húsagerðarlist.

Árið 1994 gengust Kiwanismenn fyrir því að merkja öll hús á Dalvík sem á annað borð gengu undir einhverju nafni og var það þýðingamikill hluti í varðveislu byggingarsögunnar.

Menningarminjar

Á Dalvík er Byggðarsafnið Hvoll rekið. Sérstaða safnsins er sú að innan þess eru tvö sérsöfn, annarsvegar um fyrrverandi forseta Íslands, Kristján Eldjárn og hins vegar um Jóhann Kristinn Pétursson, fyrrum hæsta mann heims. Auk þessa er líka á Hvoli yfirgripsmikið plöntusafn, steinasafn og náttúrugripasafn þar sem til sýnis eru uppstoppuð, villt íslensk dýr og egg allra íslenskra varpfugla. Í Svarfaðardal er Arngrímsstofa en hún er fyrsta vinnustofa málara hér á landi, reist sem slík af Arngrími málara Gíslasyni. Dalvíkingar hafa látið rita Sögu Dalvíkur og var það mikla verk unnið af Kristmundi Bjarnasyni. Ritin eru fjögur og komu út á árunum 1978-1985.

Örnefni

Þó að ekki hafi verið unnið skipulega að því skrá örnefni í Dalvíkurbyggð, þá hefur nokkuð áunnist í þeim efnum. Árið 1978 kom út ritið *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*, unnið af Jóhannesi Óla Sæmundssyni. Einnig hefur Þorsteinn Skaftason unnið örnefni inn á kort, af fyrrum Dalvík og Svarfaðardal, og birtust þau í júlablöðum Norðurslóðar 1996 – 1999. Þá er útsýnisskífa á Hríshöfða og kort við Kóngsstaði þar sem eru á merkt helstu nöfn og örnefni í nágrenninu.

Friðland Svarfdæla

Árið 1972 var neðsti hluti Svarfaðardalsár, með óshólmum og bökkum friðlýstur. Einstök náttúruperla, bæði fyrir hinn almenna ferðamann og þá sem sérstakan áhuga hafa á dýralífi og gróðri. Þar verpa að staðaldri um 30 tegundir fugla og afar fjölbreyttur votlendisgróður gerir friðlandið að sannkölluðum draumastað. Þetta var fyrsta íslenska friðlandið sem var stofnað samkvæmt 24. grein náttúruverndarlaga. Um miðjan tíunda áratuginn kom út kynningarbæklingur um friðlandið þar sem stiklað er á sögu friðlandsins, jarðfræði, flóru og fínu svæðisins og einnig kynntar helstu gönguleiðirnar í dalnum. Engir stígar liggja um svæðið né eru þar merkingar af neinu tagi fyrir utan eitt skilti sem tilgreinir friðlandið.

Fornar þjóðleiðir

Huga þarf að varðveislu fornra þjóðleiða í sveitarfélaginu og má þar nefna leiðirnar yfir Reykjaheiði, Heljardalsheiði, um Þorvaldsdal og margar fleiri. Þó er nú svo að flestar þær leiðir sem farnar voru á árum áður til að komast á milli byggðarlaga eru þó nokkuð gengnar núna af áhugasömu göngufólki og hefur það unnið að endurbótum á einhverjum þeirra.

Beitarþol

Beit er án efa sá þáttur íslensks landbúnaðar sem haft hefur hvað mest áhrif á umhverfið og breytt ásýnd landsins. Sauðfé hefur fækkað allverulega í byggðarlaginu á síðustu árum og þar með álagi vegna sauðfjárbeitar en að sama skapi hefur hestum fjölgað. Landgræðsla ríkisins hefur kannað ástand svæðisins og lagt mat á núverandi stöðu þessara mála með gervitunglamyndum sem rannsakaðar hafa verið. Nú vinna Búnaðarsamband Eyfirðinga og Landgræðslan að kortlagningu á gróðurlendi svæðisins og þegar því verður lokið ætti að vera auðveldara að skipuleggja og stýra beitinni á hinum ýmsu svæðum. Staðbundin vandamál fyrirfinnast í einstaka beitarhólfum.

Félagsmál

Félagsþjónusta Dalvíkurbyggðar starfar í umboði félagsmálaráðs sem jafnframt fer með hlutverk barnaverndar. Samkvæmt lögum skal félagsþjónustan tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar, með þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við eftirfarandi flokka:

Félagsleg ráðgjöf:

Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Hún tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, áfengisvanda, atvinnuleysis, veikinda, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talin forsjár- og umgengnismál og ættleiðingamál.

Fjárhagsaðstoð:

Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þeir sem eiga lögheimili í Dalvíkurbyggð og hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Fjárhagsaðstoð er veitt sem styrkur eða lán.

Félagsleg heimaþjónusta:

Hana skal veita þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Með heimaþjónustunni er stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og sjálfræðis, gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður og njóta menningar og félagslífs eftir föngum.

Málefni barna og ungmenna:

Félagsmálaráð Dalvíkur veitir leyfi til gæslu barna í heimahúsum. Nú eru starfandi 8 dagmæður, en eru þær eingöngu starfandi á Dalvík. Einstæðir foreldrar eða námsmenn geta fengið niðurgreidd daggjöldin hjá dagmóður. Fjórir leikskólar eru reknir af sveitarfélaginu, einn á Árskógssandi, einn í Svarfaðardal og tveir á Dalvík, auk gæsluvallar á sumrin. Skóla- og unglingaráðgjafi er hluti sérfræðiþjónustu skóla skv. lögum um grunnskóla. Hann starfar að uppbyggingu stoðþjónustu skóla og samþættingu þeirrar þjónustu við utanverðan Eyjafjörð.

Skólafulltrúi leysir jafnframt úr vanda vegna hegðunar og gerir tillögur varðandi stuðningsaðgerðir í einstaklingsmálum. Þá er starfrækt félagsmiðstöð á Dalvík.

Þjónusta við aldraða:

Dalvíkurbyggð veitir öldruðum fjölbreytta þjónustu og er meginhluti hennar veittur á vegum Dalbæjar, heimilis aldraðra á Dalvík. Má þar nefna; dagvistun, matarþjónustu, ráðgjöf, akstursþjónustu og félagsstarf aldraðra, auk há- og fótisyrtingu.

Þjónusta við fatlaða:

Félagsmálanefnd skal vinna að því að fötluðum séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Þeim skulu einnig sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins. Flesta félagslega þjónustu geta fatlaðir sótt sér í Dalvíkurbyggð en sumt verða þeir þó að sækja til Akureyrar en þar er séð um málefni fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu.

Húsnæðismál:

Félagslegar og almennar íbúðir eru til leigu hjá Dalvíkurbyggð. 72 íbúðir eru í eigu byggðarlagsins og eru þær allar í útleigu (*mars 2001*). Leigjendur geta fengið húsaleigubætur að uppfylltum skilyrðum, en rétturinn er háður tekjum og fellur niður ef tekjur eru yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum.

Vímuvarnaráætlun:

Dalvíkurbyggð vann í samvinnu við SÁÁ að gerð vímuvarnaráætlunar 1998. Markmiðið er að draga úr neyslu ungmenna á hvers konar vímuefnum s.s. tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum. Einnig að auka markvisst forvarnarstarf og að vímuvarnir verði fastur og reglulegur þáttur í starfsemi félaga, fyrirtækja og stofnana sem hafa með málefni barna og unglinga að gera í sveitarfélaginu. Markmiðið er einnig að áætlun þessi verði að lokum óþörf.

Móttaka flóttamanna:

Í maí 1999 komu 23 flóttamenn frá Kosovo til Dalvíkur. Fimm fjölskyldur komu og var þeim útvegað húsnæði, húsgögn, skólavist, leikskólaláss og hver fjölskylda eignaðist þrjár stuðningsfjölskyldur sem aðstoðuðu þær við að aðlagast og kynnast lífinu á Dalvík.

Öll eru þau nú byrjuð að vinna eða í skóla. Ein fjölskylda fór aftur til Kosovo þegar stríðinu lauk en í stað hennar komu þrír ungir menn sem áttu ættingja hér. Ekkert fararsnið er á flóttamönnunum. Flóttamannaaðstoðinni lauk í maí 2000 og er það samdóma álit allra að mjög vel hefði til tekist.

Meindýr

Gildandi lög

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Formáli

Hægt er að fullyrða að meindýr eru ekki vandamál, sem slík í Dalvíkurbyggð en þó er alltaf reynt að fylgjast með framgangi minka, rotta, músa og villtra katta. Máfar voru um tíma nokkuð skæðir en samfara auknu hreinlæti og lokuðum gámum hefur þeim snarfækkað og eru nú nær eingöngu viðloðandi hafnirnar og fiskhúsin þar sem eitthvað æti er fá. Í byggðarlaginu eru starfandi minkaskyttur sem og framsæknir meindýraeyðar.

Núverandi ástand

Ekki hefur orðið vart við rottur í byggðarlaginu um margra ára skeið en árið 2000 var eittrað í alla brunna á Dalvík og Árskógssandi og sáust þá engin ummerki um þær. Það er óhætt að fullyrða að mikið var um rottur að Sauðanesi þegar rusl var brennt þar en síðan því var hætt hafa þær horfið enda var eittrað þar í einhver ár á eftir.

Svæðið allt meðfram Svarfaðardalsá er kjörlendi fyrir mink og er farið reglulega yfir og reynt að halda stofninum í skefjum. Í ein fjögur ár hafa menn úr byggðarlaginu fylgst með framgangi minksins og reynt að halda honum í skefjum en framan af höfðu utanaðkomandi menn verið fengnir einu sinni á ári til að yfirfara svæðið. Til marks um fjölda dýra á svæðinu þá fengust árið 1997 - 84 dýr, 1998 - 46 og árið 1999 urðu þau ekki nema 30 þannig að það sýnir sig að með sívirku eftirliti má ná árangri hvað varðar stofnstærðina. Fróðir menn segja mikla fækkun varpfugla við Hríshöfða, Víðirhólmann og fleiri staði en hvort það er minknum að kenna er erfitt að staðhæfa. Kríum hefur líka fækkað vegna minnkandi ætis.

Mýs eru alltaf viðloðandi en mismikið eftir árum.

Á þremur árum hafa yfir 30 villikettir verið drepnir en einungis er farið af stað ef kvartanir berast vegna þeirra. Tófur eru sjaldséðar en þó hafa verið að fást 3 - 7 tófur yfir veturinn.

Skaðvaldar á trjágróðri eru alltaf til staðar, mismikið þó eftir árferði en skordýr í húsum hafa hingað til verið staðbundin vandamál.

Skipulagsmál

Gildandi lög

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Byggingarreglugerð nr. 441/1998. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Formáli

Fyrir sameiningu sveitarfélaganna lá fyrir aðalskipulag Dalvíkur frá 1992 en ekki fyrir hin tvö sveitarfélögin. Náttúrufræðistofnun Norðurlands vann tvær skýrslur um byggingarefni og efnistökusvæði í landi Dalvíkurbyggðar árið 1990 og svo vann Náttúrufræðistofnun Íslands skýrslu um námur og efnistöku í Dalvíkurbyggð árið 1998.

Núverandi ástand

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1989-2009 var samþykkt af samvinnunefnd um skipulagsmál í Eyjafirði og af skipulagsstjórn ríkisins árið 1990, en var ekki staðfest. Endurskoðun skipulagsins hófst árið 1997 og nú liggja fyrir lokadrög að því fyrir tímabilið 1998-2010. Það tekur til allra sveitarfélaganna frá og með Siglufirði í vestri til og með Hálshreppi (Fnjóskadal) í austri, að Grímsey meðtalinni. Í lokadrögum kemur fram að fjögur sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu, auk Dalvíkurbyggðar, eru þátttakendur í íslenska Staðardagskrárverkefninu, þ.e. Akureyri, Siglufjörður, Hríseyjarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Eins og fyrr segir voru bæði Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur án aðalskipulags við sameiningu, þannig að vinna þarf nýtt skipulag fyrir alla Dalvíkurbyggð. Einnig væri æskilegt að gert yrði umhverfisskipulag fyrir Dalvíkurbyggð sem tæki mið af varðveislu náttúrugæða ásamt menningarumhverfi.

Malarnám

Í lista yfir efnistökusvæði í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar til 2010 eru einar 14 námur tiltekna í Dalvíkurbyggð en margar þeirra er hætt að nota en á eftir að ganga frá. Mikið magn hentugra byggingarefna finnst í byggðarlaginu.

Gatnakerfi

Það má segja að um 95% gatna í þéttbýli Davíkurbyggðar séu lagðar bundnu slitlagi en sumarið 1999 var gatnakerfi Árskógssandar og Hauganess nánast allt malbikað.

Gangstéttar eru yfirleitt hafðar öðru megin götu og eru þær líka malbikaðar. Ólafsfjarðarvegur, milli Akureyrar og Ólafsfjarðar er allur malbikaður sem og vegirnir niður að Árskógssandi og Hauganesi. Vegurinn í Svarfaðardal er lagður bundnu slitlagi á köflum. Hjólabrautir eru engar sem slíkar.

Almenningssamgöngur

Vilji er fyrir því meðal flestra sveitarstjórna á Eyjafjarðarsvæðinu að koma á fót almenningssamgöngukerfi á svæðinu sem er mjög aðkallandi verkefni en að sama skapi afar flókið því margt þarf að athuga. Í dag eru tvær ferjur í áætlunarsiglingum, önnur siglir á milli Hríseyjar og Árskógssands, en hin á milli Grímseyjar og lands, oftast nær leggur hún upp á Dalvík. Rútur ganga alla virka daga milli Akureyrar og Ólafsfjarðar, með viðkomu á Árskógssandi.

Leikvellir

Í Dalvíkurbyggð eru fjórir hverfisvellir sem mikið eru sóttir auk eins gæsluvallar á Dalvík. Á síðastliðnum árum hefur þó talsverð byggð myndast ofan Böggvisbrautar á Dalvík og er nú svo komið að þar fer tilfinnanlega að vanta leikvöll enda mikið af ungu fólki sem býr þar.

Ræktun og útivist

Gildandi lög

Skipulagslög nr. 77/1997. Byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Formáli

Útivistarsvæði Dalvíkurbyggðar eru afar fjölbreytt og mörg og víðerni mikið. Kostur er á allflestri íþrótt- og útivistariðkun með ágætri aðstöðu. Göngustígakerfi í sambandi við Tröllaskagann er í bígerð en það er sama sem ekkert í þéttbýli. Lítið er um örfoka landsvæði, nema þá ef hátt til fjalla er litið. Þó nokkuð hefur verið framkvæmt á skógræktarsviðinu og eru í byggðarlaginu einir 6 skógræktarreitir, misgamlir og stórir sem nokkuð gaman er að fara um. Bændaskógrækt á Norðurlandi hefur ekki verið með skipulögðum hætti fram til þessa en það horfir nú til betri vegar með tilkomu Norðurlandsskóga. Mikil ræktun á sér stað í gördum í Dalvíkurbyggð og einnig víða til sveita.

Núverandi ástand

Útivist og stígar

Nánast ekkert göngustígakerfi er í þéttbýli Dalvíkurbyggðar og jafnframt ekkert sem tengir þéttbýlið við dreifbýlið fyrir utan mjög skemmtilega leið frá byggðinni á Árskógssandi um gamlar námur, sem hefur verið lokað, og að gróðrareit sem staðsettur er við Þorvaldsdalsá, neðan við brúna við þjóðveginn. Ferðafélögin við Tröllaskagann, sem og áhugafólk um gönguferðir, hefur nú tekið höndum saman um sameiginlegar merkingar á gönguleiðum um Tröllaskagann þannig að búast má við átaki í þessum efnum á næstu árum. Árið 1999 var byrjað á reiðstíg frá Hringsholti og fram Svarfaðardal en það er eini reiðstígurinn, sem slíkur í byggðarlaginu. Nokkuð vaxandi útivist er í þeim skógarreitum sem hafa komist á legg og því krefjandi að bæta aðgengi að þeim og í. Dalvíkurbyggð og Skógræktarfélag Eyfirðinga gerðu með sér samning árið 1999 þess efnis að gera göngustíga, salernisaðstöðu og leiksvæði í reitnum að Hánefsstöðum og á það verkefni að vinnast á næstu fimm árum. Sérstakir reiðstígar eru hvergi, fyrir utan þann sem fyrrgreindur er. Íþróttavallasvæði eru bæði á Dalvík og eins við Árskógsskóla með tilheyrandi útivistaraðstöðu. Fjaran er afar vinsælt útivistarsvæði en þar er engin aðstaða af nokkru tagi. Vinsæll 9 holu golfvöllur er í Svarfaðardal. Tjaldsvæði eru á Dalvík og við Árskógsskóla.

Á veturna hefur verið reynt að útbúa skautasvell við Stórhólstjörnina á Dalvík en auk þess eru líka nokkur náttúruleg svell sem hægt er að stunda. Þá eru á vetrum troðnir gönguskíðaslóðar fyrir áhugasama.

Skógrækt

Eins og fyrr segir hefur engin skipulögð bændaskógrækt verið fyrir hendi á Norðurlandi en nú hefur hún verið sett á laggirnar. Það má búast við góðum viðbrögðum frá Dalvíkurbyggð þar sem ræktunarskilyrði eru nokkuð ákjósanleg samanber þá reiti sem fyrir eru. Þá er það nokkuð árviss þáttur að skólarnir planti plöntum. Einnig hafa félagasamtök komið að gróðursetningu skógarplantna sem og skjólbelta. Sumarbústaðaeigendur, sem alltaf fjölgar, eru líka liðlegir við að planta og má búast við þó nokkurri skógarmyndun í kringum þá á næstu árum. Ekkert eftirlit er þó haft með því hverju menn eru að planta og skyldi leiða hugann að auknu eftirliti með því.

Heimagarðar

Mjög góður árangur hefur náðst í garðrækt í Dalvíkurbyggð og er tegundaval nokkuð fjölbreytt. Ræktunarskilyrði eru nokkuð góð en þó er mjög snjópungt á vetrum. Tiltölulega þægilegt hefur verið fyrir garðeigendur að ná í mold en það hefur þó verið svarðarmold í miklum meirihluta. Eiturefnanotkun á vegum sveitarfélagsins á gras og illgresi hefur verið sáralítil á undanförunum árum. Garðyrkjustjóri hefur séð um þann þáttinn eða fengið meindýraeyði til verksins. Reynt er að notast við eiturefni í hættuflokki C.

Hafið

Gildandi lög

Sjá kaflann um holræsi og fráveitur.

Formáli

Þéttbýliskjarnar Dalvíkurbyggðar eru að mörgu leyti afar dæmigerðir sjávarútvegsbærir og lifa öðru fremur á auðæfum úr lífríki hafsins. Flest atvinnustarfsemi byggir á sjávarútvegi með beinum eða óbeinum hætti. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir í fráveitumálum Dalvíkurbyggðar á allra næstu árum, sem ættu að leiða til minni mengunar og útsleppis beint í hafið. Talsverðar athuganir hafa farið fram við strandlengju Eyjafjarðar, og á það sérstaklega við um vesturströndina. Fjörurnar eru ýmist sendnar, eða mól er ríkjandi, eða klettur og stórgrýti. Þetta á allt við um strandlengju Dalvíkurbyggðar. Eyjafjörður er einn af mikilvægustu fjörðum landsins hvað varðar fiskveiðar og er talinn mikilvægur uppeldisstaður fyrir ungfisk af ýmsum tegundum, einkum þorsk- og flatfiska. Samtals hafa fundist 38 fisktegundir í firðinum, sumar tegundir eru þó mjög sjaldgæfar.

Núverandi ástand

Staða Eyjafjarðarsvæðisins er sterk hvað sjávarútveg snertir. Snæfell hf., BGB og Trausti ehf eru meðal sjö öflugustu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á svæðinu. Fiskeldi Eyjafjarðar hf rekur þrjár tilraunastöðvar fyrir lúðueldi og er ein þeirra staðsett á Dalvík, en þar fer fram lúðueldi þar sem ljóslota er notuð til að stjórna hrygningu lúðu.

Strandsvæðið

Fjaran getur verið mjög óvenjulegur heimur með allri sinni þörungaflóru og kynlegu lífverum og auðvelt er að gleyma þar bæði stund og stað. Þessi svæði gætu vel orðið að okkar helstu ferðamannaauðlind sem og aukið útivistarsvæði ef vel er að staðið og aðgengi gert meira aðlaðandi.

Ofveiði og mengun

Helsta ógnun við lífríki hafsins er ofveiði og mengun. Frárennsli af landi, rekstur skipa, losun úrgangsefna í hafið og loftborin mengun t.d. frá úrblæstri verksmiðja getur orsakað mengun í hafi. Nokkur mengun er frá rusli í fjörum.

Umhverfisfræðsla

Gildandi lög

Lög um grunnskóla nr. 66/1995. Lög um framaldsskóla nr.80/1996. Lög um leikskóla nr.78/1994. Aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Formáli

Eigi að nást raunverulegur árangur í umhverfismálum og eigi hann að vara til frambúðar þarf markviss umhverfisfræðsla að fara fram hjá yngstu kynslóðunum. Í Dalvíkurbyggð eru starfræktir 4 leikskólar, 3 grunnskólar og tónlistarskóli, auk vinnuskóla á sumrin en enginn þessara stofnana hefur markað sér umhverfisstefnu. Eftir flutning grunnskólanna til sveitarfélaga getur Dalvíkurbyggð beitt sér fyrir því að sérstök áhersla sé lögð á umhverfismál í kennslu þeirra nemenda.

Núverandi ástand

Sorpeyðing Eyjafjarðar bauð öllum skólum og leikskólum í Dalvíkurbyggð safnkassa vorið 2000. Það sem af er hefur gengið á ýmsu með kassana enda þarf alltaf tíma til að læra að meðhöndla hráefni sem þetta en ef vel gengur dylst þó engum þvílíkt lærdómsgildi jarðgerð hefur fyrir ungdóminn. Í námskrá leikskólanna er ekkert sem segir til um umhverfisfræðslu barnanna en þó er ýmislegt gert sem lútir að þessu málefni. Nokkur áhersla er lögð á umgengni, börnunum er kennt að þrifa og ganga frá eftir sig. Farið er í gönguferðir út í náttúruna og plöntum, steinum o.þ.h. safnað og notað til föndurgerðar. Mest er notaður pappír frá öðrum.

Flokkun á úrgangi er afar lítil í skólastofnunum Dalvíkurbyggðar enda vantar alveg viðtakandann, þ.e.a.s. að allt endar á sama staðnum að lokum og því er hvatningin engin. Krakkarnir tína rusl á vorin, hreinsa fjörur, gróðursetja og fara í gönguferðir og hjólreiðatúra.

Umhverfisfræðsla ungmenna í Dalvíkurbyggð virðist byggjast fyrst og fremst á að auka tilfinningu þeirra fyrir náttúrunni heldur en í beinni kennslu sem slíkri.

Markmið og tilgangur vinnuskólans er m.a. að fegra umhverfið og hlúa að gróðri og á sér því stöðugt stað umhverfisfræðsla eða aukning á umhverfisvitund hjá bæði starfsfólki og nemendum skólans. Á vorin fara bæði nemendur og flokksstjórar á námskeið þar sem bæði er farið inná vinnuvistfræði og umhverfisfræðslu. Verið er að vinna að umhverfisstefnu hjá vinnuskólanum.

Opinber innkaup

Gildandi lög

Engin gildandi lög eða reglugerðir eiga við í þessum málaflokki en þó samþykkti ríkisstjórnin 1997 umhverfisstefnu í ríkisrekstri og einn þáttur hennar er umhverfisvæn innkaup. Benda má á bæklinga sem gefnir voru út hjá umhverfisráðuneytinu 1997 og 2000 og heita “Umhverfisstefna í ríkisrekstri” og “Umhverfisvæn innkaup”.

Formáli

Ekki er til nein sérstök innkaupadeild Dalvíkurbyggðar eins og svo oft hjá stærri sveitarfélögunum þannig að hver stofnun innan bæjarins sér sjálf um sín innkaup. Til skamms tíma var reynt að samhæfa innkaup bæjarstofnanna en einhverra hluta vegna gekk það ekki upp. Það er þó vitað að innkaupin eru afar mikil og efnisflokkarnir margir en ekki eru til neinar magntölur yfir þessi viðskipti. Mikilvægt er að beina innkaupum að vörum sem teljast umhverfisvænar og gera þeim sem málið varðar grein fyrir mikilvægi sínu og ábyrgð.

Núverandi ástand

Sveitarfélagið hefur hingað til ekki unnið markvisst að samræmdri opinberri innkaupastefnu með áherslu á umhverfisvænar vörur. Eins og fyrr segir eru innkaupsmál í höndum margra aðila og er jafnan aðaláhersla lögð á hagkvæm innkaup.

Í byggingarútboðsgögnum á vegum sveitarfélagsins eru ekki gerðar kröfur um umhverfisstefnu þeirra fyrirtækja sem taka þátt í útboðinu, né heldur um umhverfisvænni byggingarefni þar sem því er viðkomið.

Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka umhverfisstefnu í ríkisrekstri, þar sem m.a. er kveðið á um að umhverfissjónarmið skuli höfð til hliðsjónar við innkaup. Ekki er vitað hversu mikið ríkisstofnanir í Dalvíkurbyggð hafa tileinkað sér þessa stefnu.

Heimildaskrá

Íbúaskrá Dalvíkurbyggðar. 1. desember 1998. Hagstofa Íslands, Þjóðskrá 1999.

Handbók Dalvíkurbyggðar 1999. Dalvíkurbyggð. Tekið saman af Þresti Haraldssyni. Ásprent/POB ehf. Akureyri.

Aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012. Greinagerð með skipulagstillögu.

Forathugun á fráveitumálum á Dalvík. Hefti I, skýrsla. Unnið fyrir Dalvíkurbæ í júní 1997. Línuhönnun hf. verkfræðistofa.

Listi yfir helstu stofnanir og fyrirtæki Dalvíkurbyggðar. Ljósrit hjá Dalvíkurbæ.

Námur og efnistaka í Dalvíkurbyggð. Náttúrufræðistofnun Íslands. Halldór G. Pétursson. Unnið fyrir Dalvíkurbyggð, Akureyri 1998.

Byggingarefni í nágrenni Árskógssands. Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Halldór G. Pétursson. Unnið fyrir Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri 1990.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar til 2010. (frumdrög) Unnið fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag. Tillaga, ágúst 1998.

Viðmælendur

Dagbjartur Hansson, starfsmaður Hitaveitu Dalvíkur á Árskógsströnd.

Baldur Friðleifsson, verkstjóri veitna.

Friðrik Friðriksson, sparisjóðsstjóri.

Gestur Matthíasson, verkstjóri BGB.

Óli Ragnarsson, apótekari.

Ásrún Ingvadóttir, forstöðumaður Heilsugæslustöðvarinnar.

Helgi Jónatansson, tannlæknir.

Guðbjörn Gíslason, umboðsmaður Olís á Dalvík.

Steingrímur Þorsteinsson.

Árni Sveinbjörnsson, meindýraeyðir.
Herbert Hjálmarsson, minkaskytta.
Sveinbjörn Steingrímsson, tæknifræðingur Dalvíkurbyggðar.
Vegagerð ríkisins.
Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
Alfreð Schöth, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands.

Gísli Bjarnason, aðstoðarskólastjóri Dalvíkurskóla. Rafpóstur
Kristján Sigurðsson, skólastjóri Árskógsskóla. Rafpóstur
Gitta Ármannsdóttir, leikskólastjóri Leikbæjar
Þuríður Sigurðardóttir, leikskólastjóri Krílakots. Rafpóstur

Þakkir

Guðný Ólafsdóttir hlýtur þakkir fyrir prófarkarlestur.